

**Nefndasvið Alþingis**  
**Félags – og tryggingamálanefnd**  
**b/t Hildar Evu Sigurðardóttur**  
**nefndarritara**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 25. nóvember 2008.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um úttekt á aðgengi í gömlu húsnæði (43. mál).

*Viðskiptaráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu til þingsályktunar.*

Viðskiptaráð leggst eðli málsins samkvæmt ekki gegn því að aðgengi aldraðra, hreyfihamlaðra og barnafólks að eigin húsnæði verði bætt. Fordæmislausar efnahagsþrengingar kalla hins vegar á fordæmislaust aðhald í ríkisfjármálum. Þó líklegt sé að útgjöld vegna þessarar tillögu séu minniháttar er ljóst að margt smátt gerir eitt stórt.

Hvort sem útgjöldin eru stór eða smá þá er ríkissjóður einfaldlega ekki aflögufær enda stendur hann nú frammi fyrir því að þurfa að skera niður útgjöld um 40 ma. kr. eða auka skattheimtur sem því nemur. Aukin skattheimta, með aukinni skattlagningu, væri líkt og að hella olíu á eld þar sem slíkt myndi auka líkurnar á frekari samdrætti í tekjum ríkissjóðs en nú er fyrirsjáanlegur. Leiðir þetta af því að auknar skattbyrðar draga úr hvata fólks og fyrirtækja til að afla tekna fyrir sig og þar með ríkissjóð. Umtalsverður samdráttur opinberra útgjalda er því eini valkosturinn að mati Viðskiptaráðs.

**Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái ekki að þessu sinni fram ganga.**

Virðingarfyllst,

*Haraldur I. Birgisson*

---

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs